



Markmiðið er m.a. að efla faglega og sérhæfða þekkingu á rekstri, viðskiptum og fjárfestingum í ferðaþjónustunni sem og faglega umræðu á meðal þeirra sem stjórna í ferðaþjónustunni og tengdum greinum.

ITICE í Hörpu

Viðamesta ferðaþjónusturáðstefna Íslandssögunnar



Viktoría Sveinsdóttir.

Viktoría Sveinsdóttir stofnaði fyrirtækið Reykjavík Conference ehf. til að halda utan um ITICE (Iceland Tourism Investment Conference + Exhibition) sem er ráðstefna, birgjasýning, skólakynningar og frumkvöðlakeppni sem haldin verður 29. febrúar til 1. mars.

Markmiðið er m.a. að efla faglega og sérhæfða þekkingu á rekstri, viðskiptum og fjárfesting-

um í ferðaþjónustunni sem og faglega umræðu á meðal þeirra sem stjórna í ferðaþjónustunni og tengdum greinum.


„Á sýningunni sýna birgjar ferðaþjónustufyrirtækja m.a. vörur, þjónustu og nýjustu tækni svo hún verður fyrir alla þá sem stjórna m.a. innkaupum og gera viðskiptasamninga innan ferðaþjónustunnar og svo auðvitað fyrir alla aðra sem hafa áhuga á að kynna sér það nýjasta í framboði á markaðnum.“

Ráðstefnan er hugsuð fyrir stjórnendur í ferðaþjónustufyrirtækjum, stjórnendur sjóða sem fjárfesta eða eru að hugsa um að fjárfesta í ferðaþjónustufyrirtækjum og einnig fyrir þá sem stjórna innan lánastofnana og alla sem hafa áhuga á að læra um rekstur, viðskipti og fjárfestingar í ferðaþjónustu.“

Skólakynningarnar eru fyrir fólk sem er að leita sér að námi í ferðaþjónustu og einnig fyrir atvinnurekendur sem vilja komast í samstarf við skóla um að ráða þaðan fólk með sérhæfða þekkingu á ferðaþjónustu annaðhvort eftir að það útskrifast eða í starfsnámi.

Viktoría segir að frumkvöðlakeppnin verði ekki bara sérlega áhugaverð heldur líka frábært skemmtiatriði sem allir ættu að fylgjast með.

„Þetta verður viðamesta ferðaþjónusturáðstefna Íslandssögunnar. Ráðstefnan stendur yfir í tvo daga og er dagskráin þökkud með frábærum fyrirlestrum og pallboðsumræðum. Þarna koma fram 20 erlendir og rúmlega 70 íslenskir sérfræðingar. Svona viðamikil dagskrá og umræða svo margra hagsmunaaðila og

sérfræðinga bæði erlendra og íslenskra og ráðamanna hefur aldrei verið haldin á Íslandi. Svo verður eins og þegar hefur komið fram sýning birgja ferðaþjónustufyrirtækja, skólakynningar fyrir bæði áhugasama nema og fyrirtæki sem eru að leita eftir fólk með menntun í greininni og frumkvöðlakeppni. Svona samkoma hefur aldrei verið haldin í neinni atvinnugrein á Íslandi. Þetta er samkoma í heimsklassa og gefur ekkert eftir svipuðum þekktum samkomum í New York, Berlín og víðar sem haldnar hafa verið árum saman.“ 

„Ráðstefnan er hugsuð fyrir stjórnendur í ferðaþjónustufyrirtækjum.“